

Sigurbjörn Jóhann Karlsson  
Smyrlabjörg 3  
781 Höfn í Hornafirði

Hornafirði, 20. apríl 2021  
nr. erindis 201709045 BB

**Málefni: Framkvæmdaleyfi fyrir nýjan veg við Kálfafellsstaðarkirkju**

Nafn framkvæmdaraðila: Sigurbjörn Jóhann Karlsson/sóknarnefnd Kálfafellsstaðarkirkju  
Staðsetning framkvæmdar: Kálfafellskirkja

Umfang framkvæmdar: Vegur frá Þjóðvegi 1 að Kálfafellstaðarkirkju skv. uppdrætti

Skilyrði framkvæmdar:

- Leitast verði við að takmarka framkvæmdasvæði, umferð véla og rask eins og kostur er
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði upplýstur þegar framkvæmdir hefjast
- Umhverfis- og skipulagsstjóri verði boðaður á framkvæmdasvæði við lok framkvæmda
- Að samráð sé haft við leyfisveitanda ef nokkrar breytingar verið á framkvæmdinni.
- Við sáningu í sár við frágang verði notuð fræ í samræmi við staðargróður
- Verktökum verði gerð grein fyrir staðsetningu fornleifa skv. umsögn Minjastofnunar.
- Tekið sé tillit til umsagnar og ábendinga Vegagerðarinnar um að sótt verði um að vegurinn verði þjóðvegur og að hann verði hannaður skv. veghönnunarreglum.

Framkvæmd þessi skal vera í samræmi við:

- Framkvæmdaleyfi
- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
- Framlögð gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar:
  1. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir nýjan veg að Kálfafellskirkju, dags. 24.11. 2015.
  2. Kálfafellsstaðarkirkja - vegur, dags. 10.08. 2020

Framkvæmdaleyfi er gefið út með fyrirvara um að upplýsingar berist um þá hluti sem sem tilgreindir eru hér að ofan.



Framkvæmdaleyfið er gefið út skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn þann 15. apríl 2021. Framkvæmdin hefur fengið málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem hún var kynnt fyrir Vegagerðinni og Minjastofnun sem gera ekki athugasemdir við hana.

**Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.**

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til 21. maí nk. Ef framkvæmd hefst áður en frestur er útrunninn gerir framkvæmdaaðili það á eigin ábyrgð.

**Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 90.000 kr.**

Virðingarfyllt



Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar